

Mál nr. 21/2004

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar félagsstofnunar

Ágreiningur um réttarstöðu vegna vinnuslyss þann 21.08. 2003.

Gögn.

4. Málskot móttakið 05.02. 2004, ásamt fylgiskjölum nr. 1-9 þ. á m. tjónstilkynningu, skýrslur lögreglu og skýrslu Vinnueftirlits ríkisins.
5. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.02. 2004.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 21/2004.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

M var við vinnu sína á sláttutraktor fyrir vátryggingartaka að slá grasflöt. Einu sinni sem oft mun frákaströr hafa stíflast, sem leiðir gras frá hnífum undir vélinni yfir í safnkassa aftan við sæti stjórnanda, af völdum morgundaggar að því er talið er. M losaði rörið í sundur og teygði hendi ofan í það úr sæti sínu í átt að hnífum vélarinnar til þess að losa um stífluna án þess þó að gæta þess að slökkva á vélinni eða kúpla frá hnífunum með þeim afleiðingum að hann slasaðist. M taldi sig hafa aftengt hnífsblöðin en í ljós kom að svo var ekki.

Vátryggingafélagið telur ósannað að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna vátryggingartaka, ófullnægjandi verkstjórnar, vanbúnaðar sláttutraktorsins eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á. Félagið vísar og til þess að traktorinn var nýr og í fullkomnu lagi og ekkert bendi til þess að hann hafi verið vanbúinn á nokkurn hátt. Á slysdegi hafi M verið tæplega 21 árs og samkvæmt upplýsingum vátryggingartaka hafði hann unnið 2 sumur hjá vátryggingartaka einkum við sláttustörf og mun hann þannig hafa verið vanur slíkum störfum. Muni hann hafa verið “nokkuð sjálfráður um framkvæmd starfsins enda eðli þess þannig að hann var oftast einn að störfum”. Umræddur traktor hafði verið keyptur fyrir u.þ.b. mánuði fyrir slysið og hafi M unnið á honum þann tíma. Félagið telur að slysið verði rakið til óhappatilviljunar eða augnabliks aðgæsluleysis M sjálfs en ekki ófullnægjandi leiðbeininga sbr. nánar umfjöllun bréfs félagsins til nefndarinnar dags. 24.03. 2004.

M telur að slysið megi rekja til þess að vátryggingartaki hafi ekki gætt þess að veita honum nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín þannig að ekki stafaði hættu af. Honum hafi verið afhent vélknúin sláttuvél til að vinna störf sín án þess að honum hafi verið veitt nauðsynleg kennsla og leiðbeiningar um notkun hennar. Hann vísar í þessu sambandi til laga nr. 46/1980 og reglugerðar nr. 431/997. Hann vekur athygli á því að Vinnueftirlit ríkisins vísi í skýrslu sinni sérstaklega til 3. gr. nefndrar reglugerðar. Óþarft er að rekja sjónarmið M í samantekt þessari.

Vinnueftirlitið telur orsök slyssins vera þá að vélbúnaðurinn hafi ekki verið notaður á þann hátt sem framleiðandi ætlast til og að líklegt sé að vélin hafi ekki verkinu þar

sem blautt grasið olli tíðum stíflum í frákaströrinu. Ekki hafi verið munur á hljóði vélarinnar hvort hnífarnir eru í gangi eða ekki en það muni sjást á gírstöng vélarinnar. Fram kemur og að starfsmaðurinn M “taldi sig stöðugt vera að losa stíflu” og að framlenging á frákaströri hafi ekki verið tengd við frákaströrið. Eftirlitið vísar til 3. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 43/1997, þar sem vikið er að almennum skyldum atvinnurekenda um að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að tæki sem starfsmönnum eru látin í té henti til þeirra verka sem vinna á.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að slysið megi rekja til sakar annarra starfsmanna vátryggingartaka, vanbúnaðar sláttuvélar eða ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

Það var óvarlegt af M að fullvissa sig ekki um að hann hafi slökkt á vélinni eða aftengt hnífsblöðin áður en hann hóf að losa stífluna sem hafði myndast. Slysið virðist fyrst og fremst mega rekja til aðgæsluleysis M sjálfs en ekki aðstæðna sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt ábyrgðartryggingu þeirri sem hér er til umræðu.

Reykjavík 16. mars 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.